

# Framhaldsskólinn á Laugum (FL), kt. 410389-2589 og mennta- og menningarmálaráðuneytið, kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi skólasamning:

## 1. Tilgangur

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum.

Samningurinn er um það hvernig FL uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið í starfsemi hans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlanagerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnun og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrgð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.

## 2. Hlutverk og megináherslur

FL er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi FL þjóna því.

Einkunnarorð skólans eru: Metnaður, trúmennska, tillitsemi og glaðlyndi.

Starfsmenn og nemendur.

Ræktum með okkur **metnað** til góðra starfa fyrir okkar hönd og hönd skólans.

Verum okkur sjálfum **trú** í lífi og starfi.

Sýnum hvert öðru tillitsemi og virðingu.

Verum **glöð** og kát á heilbrigðan hátt og tökumst á við lífið af bjartsýni.

### Hlutverk, markmið og áherslur

FL er bóknámsskóli á framhaldsskólastigi, sem býður upp á sveigjanlegt námsumhverfi og persónubundna námsáætlun. Með sveigjanlegu námsumhverfi er átt við að nemendur stundi nám sitt í opnu vinnurými undir verkstjórn kennara, auk þess sem kennarar eru með kennslustundir með sínum hóp. Þetta kallar á aðrar og fjölbreyttari námsaðferðir. Engar eyður eru í stundaskrá nemenda og það gefur nemandanum færi á að nýta tíma sinn betur, bæði til náms og tómstunda. Með persónubundinni námsáætlun er átt við að nemandinn fái persónulega leiðsögn gegnum framhaldsskólann og honum sé gert kleyft að ráða nokkru um námshraða sinn. Með sveigjanlegu námsumhverfi og persónubundinni námsáætlun opnast möguleiki til að sinna öllum nemendum sem einstaklingum, bæði þeim sem standa höllum fæti í námi og ekki síður þeim sem búa yfir mestri námslegri færni. Nemendur

geta tekið ákveðna námsáfanga eða námsbrautir á þeim hraða sem þeir ráða við og í boði eru hverju sinni. Kjósi nemandi að hraða námi sínu kallar það á meira vinnuframlag utan hefðbundins skóladags.

FL er heimavistarskóli staðsettur út í sveit, að Laugum í Reykjadal. Hann er stofnaður 1988, á grunni héraðsskóla. FL er ríkisrekinn skóli og er mennta- og menningarmálaráðuneyti rekstaraðilinn. Skólameistari veitir skólanum forstöðu og ber ábyrgð á rekstri hans. Skólanefnd er skólameistara til samráðs í fjárhagslegum og faglegum málefnum. Í FL er næstráðandi skólameistara áfangastjóri, sem er 50% stöðugildi. Brautarstjóri almennrar námsbrautar er í 10% stjórnunarstarfi og séu bæði skólameistari og áfangastjóri fjarverandi í einu, gegnir hann staðgengilshlutverki. Fjármálastjóri er í 0.5 starfi, námsráðgjafi í 0.5 starfi, bókasafnskennari í 0.6 starfi og ritari í 0.85 starfi. Kennarar eru í 11.61 starfshlutfalli. Tveir húsverðir eru í 2 stöðugildum, störf við ræstingu eru 2.65 og húsbændur í 1.50 starfi.

Nálægð nemenda við starfsmenn er mikil og mótunar- og umhyggjustarf kennara og annarra starfsmanna með nemendum er viðamikil. Megin sérstaða skólans er fyrirkomulag kennsluhátta. Skólastarf við FL er byggt upp sem sveigjanlegt námsumhverfi. Skóladagur er samfelldur, engar eyður í stundatöflu, fag tímar eru helmingur af tímafjöldi hvers áfanga og vinnustofur helmingur. Í vinnustofum vinna nemendur að námi sínu undir verkstjórn kennara, en ráða viðfangsefni sjálfir. Aðstaða nemenda til íþróttaiðkunar og útivistar eru með því allra besta í framhaldsskólum landsins. Nálægð við ýmsar náttúruperlur og ferðamannaafþreyingu skapar einnig sérstöðu sem skólinn hefur hug á að nýta betur í námsframboði komandi ára.

### 3. Viðfangsefni

FL stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Jafnframt birtir hann á aðgengilegan hátt á vef sínum sem mest af mikilvægum upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur af starfi.

#### a. Skólanámskrá og námsframboð

Kennt er á 4 námsbrautum við FL. Þær eru **félagsfræðibraut**, **náttúrufræðibraut** og **íþróttabraut** til stúdentsprófs og **almenn námsbraut**.

Skólanámskrá er birt á: <http://laugar.is/namid>

Stefnt er að birtingu nýrrar námskrár í ágúst 2015.

#### b. Skólabragur

Skólinn er þátttakandi í verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli og hefur lokið fyrstu umferð í gegnum mataræði, hreyfingu, geðrækt og lífsstíl. Ætlunin er að halda áfram að vinna að þessum viðfangsefnum.

Skólareglur eru birtar á heimasíðu skólans: <http://laugar.is/skolinn/reglur>

Jafnréttisáætlun er birt á: <http://laugar.is/skolinn/jafnrettismal>

Forvarnarstefna er birt á: <http://laugar.is/skolinn/vimuvarnir>

Arðrar áætlanir eru birtar á: <http://laugar.is/skolinn/aaetlanir>

#### c. Innritun og brotthvarf

Innritunarskilyrði skólans eru birt á: <http://laugar.is/namid/inntokuskilyrði>

Upplýsingar um brotthvarf er að finna í sjálfsmatsskýrslum skólans sem birtar eru á: <http://laugar.is/skolinn/skyrslur/sjalfsmat>

#### **d. Kennslufyrirkomulag**

Allar upplýsingar um kennslufyrirkomulag er að finna á heimasíðu skólans: <http://laugar.is/namid/sveigjanlegt-og-personubundid>

#### **e. Nemendur með sérþarfir**

FL rekur öflugt stuðningskerfi með nemendum, leiðsögukerfi þar sem kennarateymi halda utan um hóp nemenda, sem þau hitta í hverri viku allan námstíma nemenda í skólanum. Kennararnir fylgja nemendum sínum, veita persónulega leiðsögn og aðstoða þá við að setja sér markmið til lengri og skemmri tíma. Leiðsögukennarar vinna náíð, vegna nemenda sinna, með námsráðgjafa skólans, sérkennara, hjúkrunarfræðingi, sem er vikulega til viðtals í skólanum og sálfræðingi, sem kemur einu sinni í mánuði í skólann.

Nemendum með annað móðurmál en íslensku hefur staðið til boða að stunda nám í íslensku fyrir útlendinga. Móðurmál þessara nemenda hefur verið metið í stað Norðurlandamáls. Í stað þýsku sem þriðja máls, hefur skólinn metið önnur tungumál, s.s. spænsku eða frönsku, hjá nemendum sem þess hafa óskað.

#### **f. Mat og eftirlit með gæðum**

Sjálfsmatsskýrslur skólans sem birtar eru á: <http://laugar.is/skolinn/skyrslur/sjalfsmat>  
Skólinn hefur farið í gegnum ytra mat og eru niðurstöður þess á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

### **4. Sérstök rekstrarverkefni**

Framhaldsskólinn á Laugum er heimavistarskóli, meirihluti nemenda skólans býr á heimavist. Heimavistin er í þremur húsum; Fjalli, Tröllasteini og Álfasteini. Á kvöldin og um helgar eru húsbændur nemendum innan handar og sinna heimavistargæslu. Fylgst er með og tekin út umgengni á herbergjum nemenda á tveggja vikna fresti. Húsaleiga, þrif og heimavistargæsla er því kostnaðarsamt rekstrarverkefni fyrir litla stofnun eins og FL.

FL rekur Menntasetrið á Þórshöfn sem hóf starfsemi á árinu 2009, en þar er framhaldsskóladeild Framhaldsskólans á Laugum. Langanesbyggð stendur að baki verkefninu og hefur lagt til húsnæði til starfseminnar.

### **5. Markmið og tímabundin verkefni**

Samningi þessum fylgir viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið fyrir næsta (skóla) ár skulu sett skipulega fram. Jafnframt skal gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum sem er unnið að í þágu einstakra markmiða, enda falla þau innan tímabils samningsins. Viðaukann skal endurskoða og uppfæra árlega, með tilliti til framvindu markmiða og tímabundinna verkefna og aðstæðna skólans.

#### **a. Markmið**

Markmið FL eru leidd af áherslum í starfsemi skólans er hann rækir hlutverk sitt. Sjá viðauka.

## **b. Tímabundin verkefni**

Tímabundin verkefni FL styðja við hlutverk skólans og markmið hans. Njóti verkefni fyrirgreiðslu ráðuneytisins eða fjárfstyrks, skal ganga frá slíku skriflega eða í samningi áður en verkefni hefst. Sjá viðauka

## **6. Samskipti**

Í samræmi við 44. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglulega fundi um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur FL. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglubundin upplýsingamiðlunog umfjöllunarefni vegna samskipta:

### **a. Framhaldsskólinn á Laugum**

- Birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- Birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um innra mat á næstliðnu (skóla)ári.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Skilar ráðuneytinu ársskýrslufyrir liðið árskv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og birtir hana á vef sínum.
- Skilar ráðuneytinu greinagerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
- Þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrárgrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
- Skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.
- Skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðarað ósk þess.
- Gætir þess að fjárhagsbókhald skólanssýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.
- Gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykkt áætlun í lok hvers tímabils innan ársins og skýri ráðuneytinutafarlaust fráástæðum frávíka og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

### **b. Mennta- og menningarmálaráðuneytið**

- Yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfið.
- Birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.
- Ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.
- Staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.
- Byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um

ársnemendafjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag með tilliti til rauntalna.

- Annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.

## **7. Gildistími og endurskoðun**

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2019.

Hvor samningsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

---

Staður og dagsetning

---

Mennta- og menningarmálaráðherra

---

Skólameistari